

# Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Borgarbraut 14, Borgarnesi

Stillholti 16-18, Akranesi

kt. 550399-2299

Símar: 433-7117 433-1070

Alþingi

Erindi nr. P 137/786

komudagur 18.9.2009

Borgarnesi, 16. september 2009.

Nefndasvið Alþingis  
v/sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Umsögn um þingskjal 241 – 147. mál, frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28 janúar 2002 auk afleiddra gerða.**

Heilbrigðisnefnd Vesturlands hefur s.l. tveimur árum fjallað um þrjú frumvörp til laga sem fjallað hafa um breytingu á lögum um matvæli nr. 93/1995 til samræmis við Evrópusamþykktir.

Heilbrigðisnefndin sendi athugasemdir til sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar við tvö fyrri frumvörpin með bréfum dags. 30. apríl 2008 og 4. mars 2009.

Nú er komið fram þriðja frumvarpið um sama efni. Ekki verður séð við lestur þess að það hafi tekið miklum efnislegum breytingum frá fyrri frumvörpum og því hafi ekki verið tekið tillit til athugasemda sem heilbrigðisnefnd Vesturlands hefur gert við fyrri frumvörp.

Heilbrigðisnefnd Vesturlands vísar því til fyrri bréfa sem send voru sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd og væntir þess að nú verði eitthvað tekið tillit til athugasemdanna.

Virðingarfyllst,

f.h. heilbrigðisnefndar Vesturlands



#### Fylgiskjöl:

Bréf HeV til sjávarútvegs – og landbúnaðarnefndar, dags. 30.04.2008.

Bréf HeV til sjávarútvegs – og landbúnaðarnefndar, dags. 04.03.2009.